



Til sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga að Héraðsnefnd Árneseyslu bs.

Efni: Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árneseinga

Árneseyslu 16. janúar 2023

Ágætu viðtakendur.

Á aukafundi Héraðsnefndar Árneseinga bs sem haldinn var 10. janúar 2023 var eftirfarandi samþykkt gerð:

Aukafundur Héraðsnefndar Árneseinga bs., haldinn í Ráðhúsi Árborgar 10. janúar 2023, samþykkir að veita framkvæmdastjórn heimild til að bjóða í Hellismýri 8, Selfossi í samræmi við umræður á fundinum sem framtíðarhúsnæði fyrir Héraðsskjalasafn Árneseinga.

Fundurinn samþykkir einnig að ráðist verði í framkvæmdir á Hellismýri 8 til að koma húsinu í starfshæft ástand fyrir starfsemi Héraðsskjalasafnsins.

Sveitarfélögunum átta verður sent erindi þar sem óskað er samþykkis þeirra á kaupunum, framkvæmdum og þeim lánskuldbindingum sem þeim fylgja.

Í framhaldi af aukafundinum funduðu framkvæmdastjórn Héraðsnefndar og stjórn Héraðsskjalasafnsins til að leggja línurnar með framhaldið. Samkvæmt grófri áætlun forstöðumanns Héraðsskjalasafnsins er gert ráð fyrir að kostnaður við að standsetja húsið að Hellismýri sé rétt um 30 milljónir. Héraðsnefnd á húseignina Háheiði 9 á Selfossi. Gert er ráð fyrir að sú eign verði seld til að mæta kostnaði við að standsetja Hellismýri 8. Áætlað er að hægt sé að fá 35-38,5 milljónir fyrir Háheiði 9. Héraðsskjalasafnið á líka arf frá Helga Ívarssyni að upphæð 15 milljónir sem getur nýst við að standsetja safnið að Hellismýri. Af framangreindu er ljóst að söluverð af Háheiði 9 og arfurinn frá Helga Ívarssyni á að duga vel fyrir að standsetja húsið að Hellismýri 8.

Kaupverð á Hellismýri er 194.220.000 milljónir við þá upphæð bætist virðisaukavöð að upphæð 20 – 22 milljónir króna. Heildarverð er því 216.220.000 kr. (miðað við hærri tölu í virðisaukavöð).

Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar óskar eftir samþykki aðildarsveitarfélaganna vegna kaupa og framkvæmda á Hellismýri 8 og þeim lánskuldbindingum sem þeim fylgja að hámarki 216.220.000 kr. Gætt verður að því að taka sem hagstæðasta lán fyrir kaupunum.

Fh. framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar

Helgi Kjartansson, formaður